

Fimmtudaginn 17.01.2013 kl. 10:00 var haldinn 12. fundur starfshóps sem sveitarstjórn Húnaþings vestra skipaði á fundi sínum þann 12. janúar 2012. um samþykktir og stjórnarsýslu sameinaðs sveitarfélags.

Dagskrá:

1. Úttekt KPMG á stjórnskipuriti Húnaþings vestra, eftirliti með fjárreiðum sveitarfélagsins, erindisbréfum fastanefnda, starfsmannastefnu og innkaupareglum.

Afgreiðslur:

1. Farið yfir fjölmörg atriði sem varða skýrslu KPMG og tengd atriði. Eftirfarandi tillögur lagðar fram.

„Starfshópur um samþykktir og stjórnarsýslu sameinaðs sveitarfélags Bæjarhrepps og Húnaþings vestra leggur til við sveitarstjórn að ráðist verði í breytingar á stjórnskipulagi og skipuriti Húnaþings vestra í samræmi við tillögur og samantekt KPMG sem kynntar hafa verið fyrir starfshópnum og fulltrúum í sveitarstjórn.

Helstu tillögur eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að Menningar- og tómstundaráð verði lagt niður. Menningarmál verði hjá byggðarráði. Íþróttá- og tómstundamál verði hjá fræðsluráði.
2. Lagt er til að þjónustusvið verði tvö. Annarsvegar Fjölskyldusvið og hins vegar Framkvæmda- og umhverfissvið. Stoðsvið verði eitt, Fjármála- og stjórnarsýslusvið.
3. Lagt er til myndað verði fjögurra manna framkvæmdaráð. Sveitarstjóri verði æðsti yfirmaður ráðsins. Auk hans sitja í ráðinu sviðsstjóri fjármála- og stjórnarsýslusviðs, sviðsstjóri fjölskyldusviðs og sviðsstjóri framkvæmda- og umhverfissviðs.
4. Lagt er til að íþróttá- og tómstundamál falli undir verk svið fjölskyldusviðs. Menningarmál falli beint undir sveitarstjóra og byggðarráð. Atvinnumál falli beint undir sveitarstjóra og byggðarráð.
5. Lagt er til að sviðsstjóri framkvæmda- og umhverfissviðs þurfi að uppfylla skilyrði til að geta sinnt störfum skipulags- og byggingarfulltrúa. Í þessu samhengi er því beint til sveitarstjórnar að ráðast þarf í viðeigandi breytingar á starfsmannahaldi og auglýsa þarf hið nýja starf laust til umsóknar.
6. Lagt er til að hlutverk þjónustumiðstöðvar (áhaldaúss) og eignasjóðs verði samþætt og einn rekstrarstjóri verði yfir báðum verkefnum. Í þessu samhengi er því beint til sveitarstjórnar að ráðast þarf í viðeigandi breytingar á starfsmannahaldi og auglýsa þarf hið nýja starf laust til umsóknar.
7. Lagt er til að starf íþróttá- og tómstundafulltrúa færist undir fjölskyldusvið.
8. Lagt er til að starf forstöðumanns bóka- og skjalasafns færist undir fjármála- og stjórnarsýslusvið.
9. Lagt er til að hafnarvarsla færist undir verk svið þjónustumiðstöðvar (áhaldaúss).
10. Lagt er til að málefni slökkviliðs falli stjórnskipulega undir framkvæmda- og umhverfissvið. Fagleg málefni eru áfram á ábyrgð slökkviliðsstjóra í samræmi við lög.
11. Lagt er til að nýtt stjórnskipulag og skipurit taki gildi þann 1. apríl 2013.

Hvað ofangreindar tillögur varðar er vísað til ítarlegrar umfjöllunar í samantekt KPMG um skipurit og stjórnsýslu Húnaþings vestra.“

„Starfshópurinn leggur til við sveitarstjórn að sveitarstjóra og skrifstofustjóra verði falið að móta stefnu og áherslur um skipulag áætlanagerðar og eftirlits með fjárreiðum sveitarfélagsins í samræmi við tillögu KPMG. Sú stefnumótun verði lögð fyrir sveitarstjórn og taki gildi þann 1. apríl 2013.“

„Starfshópurinn leggur til við sveitarstjórn að framlögð erindisbréf fastanefnda Húnaþings vestra verði samþykkt og öðlist gildi þann 1. apríl 2013. Erindisbréfin eru fyrir eftirfarandi fastanefndir:

Byggðarráð

Félagsmálaráð

Fræðsluráð

Landbúnaðarráð

Skipulags- og umhverfisráð

Auk þess leggur starfshópurinn til við sveitarstjórn að framlagt erindisbréf fyrir Ungmennaráð Húnaþings vestra verði samþykkt og öðlist þegar gildi.“

„Starfshópurinn leggur til við sveitarstjórn að á grundvelli 1. mgr. 7. gr. laga nr. 160/2010 samþykki sveitarstjórn að í sveitarfélaginu starfi byggingarnefnd. Skipulags- og umhverfisráð fari með verkefni byggingarnefndar og að samþykkt verði sérstök samþykkt um byggingarnefnd í Húnaþingi vestra.“

„Starfshópurinn leggur til við sveitarstjórn að framlagðar innkaupareglur fyrir Húnaþing vestra verði samþykktar og öðlist þegar gildi.“

„Að lokum leggur starfshópurinn til við sveitarstjórn að framlögð starfsmannastefna fyrir Húnaþing vestra verði samþykkt og öðlist þegar gildi.“

Starfshópurinn samþykkir framangreindar tillögur í heild sinni og vísar afgreiðslu þeirra til sveitarstjórnar.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl.10:50